

Mál nr. 39/2016
M
og váttryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar L.

Afleiðingar mjaðmaspeglunar þann 13. júní 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. febrúar 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins leitaði M til L vegna stöðugra verkja í nára og mjöðm. Mun M fyrst hafa verið vísað til sjúkraþjálfara sem var með M í meðferð í um tvo mánuði. Þar sem að sjúkraþjálfunin skilaði litlu sem engu var ákveðið að framkvæma mjaðmaspeglun. M fullyrðir að L hafi tjáð honum að hann yrði alls ekki verri en áður ef hann færi í aðgerðina, að horfur væru góðar og að aðgerðin myndi alltaf leiða til einhvers bata.

Mjaðmaspeglunin var framkvæmd 13. júní 2014. Samkvæmt M hefur ástand hans versnað til muna. M fullyrðir að L hafi í samtali við sig eftir aðgerðina sagt að hann teldi að ekki hafi verið rétt staðið að aðgerðinni, að hann hafi ekki hreinsað nógu mikið innan úr liðnum og ekki tekið nógu mikið af beinmyndun við mjaðmarlið.

M krefst bóta á grundvelli laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, einkum 1., 3. og 4. tl. 2. gr. laganna.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort skilyrði 1., 3. eða 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Sönnunarbyrðin hvílir á tjónþola.

Þegar lítið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Þegar tekið er mið af öllum fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að ekki liggja fyrir með óyggjandi hætti að aðgerðinni hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekki hafa verið lögð fram læknisfræðileg gögn sem sýna fram á að aðgerðin sem L framkvæmdi falli undir 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000. Ekki liggja heldur gögn fyrir í málinu sem sýna fram á að skilyrði 3. eða 4. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt. Verður því að hafna bótaábyrgð L.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.